

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. samþykkt nr. 417/2000 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi, gildir fyrir árið 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 62/2001 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 24. janúar 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

7. janúar 2002

Nr. 81

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorp-hreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorpheinsigjald	kr. 4.000 á íbúð
	Sorpeyðingargjald	kr. <u>6.200</u> á íbúð
	Sorphirðugjöld alls	kr. 10.200 á íbúð

Sumarbústaðir, íbúðarhúsnæði í dreifbýli og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu: Sorpeyðingargjald kr. 3.150 á fasteign.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
0	0
1	9.375
2	18.750
3	37.500
4	75.000
5	112.500
6	187.500
7	262.500
8	431.250
9	656.250
10	862.500
11	16 kr./kíló

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 7 kr. fyrir hvert kíló. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B-lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 101/2001.

Ísafjarðarbæ, 7. janúar 2002.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.